

Aðalfundur menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í menningarhúsinu Bergi á Dalvík þriðjudaginn 17. október 2023 kl. 14.00

Mættir eru á fundinn fulltrúar fyrir 81,25% atkvæða/eigenda, Jónas Pétursson (Landsbankinn), Gísli Bjarnason (Dalvíkurbyggð), Björn Friðbjólfsson (Tréverk og KEA) og Freyr Antonsson (Ferðatrölli) sem jafnframt er formaður stjórnar. Fundurinn er því löglegur. Freyr tengdist fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Dóróþea Reimarsdóttir og Lovísa María Sigurgeirsdóttir stjórnarmenn sátu einnig fundinn sem og Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður safna Dalvíkurbyggðar sem stýrði fundinum.

Fundargerð ritaði Dóróþea Reimarsdóttir, ritari stjórnar Menningarfélagsins Bergs ses.

Dagskrá:

Skýrsla Menningarfélagsins Bergs ses.

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar 2022.

Ársreikningur Menningarfélagsins Bergs ses.

Ársreikningur ársins 2022 lagður fram til umfjöllunar og afgreiðslu. Formaður fór yfir ársreikninginn. Jónas spurði út í mikla hækkun á bókfærðum rekstrarkostnaði húsnæðis.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri félagsins á árinu um það bil kr. 3,4 milljónum og skýrist einkum af rekstrarkostnaði húsnæðis og kostnaði við starf framkvæmdastjóra.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok tæpum 4,6 millj. kr. Eigið fé félagsins nam rúmum 2,7 millj. kr. að meðtöldu stofnfé að fjárhæð 1,6 milljónir króna.

Fjöldi ársverka voru 1,0 sem er aukning um 0,9 frá fyrra ári.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

Skýrsla stjórnar og ársreikningur samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga stjórnar um slit á Menningarfélaginu Bergi ses.

Stjórn menningarfélagsins leggur til að Menningarfélagið Berg ses. verði lagt niður þar eð starfsemin sem það hefur borið ábyrgð á fluttist yfir til Dalvíkurbyggðar um síðustu áramót. Slit á félaginu samþykkt með 87,25% atkvæða stofnaðila, þ.e. Landsbankans, Dalvíkurbyggðar, KEA, Tréverks og Ferðatrölla.

Önnur mál.

Sitjandi stjórn falið að ljúka ferlinu við slit á félaginu.

Samstaða er um það á fundinum að þeir fjármunir sem eftir verða þegar búið er að slíta félaginu skuli fara til búnaðarkaupna í Menningarhúsinu Bergi. Stjórn félagsins hefur þó endanlegt vald þar um.

Fundi slitið kl. 14:45.

Berg menningarhús

Goðabraut | 620 Dalvík | Sími: 823 8616 | netfang: berg@dalvikurbyggd.is